

Sp. 357. Tillaga til þingsályktunar

um bátabryggju í Grenivík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að veita úr ríkissjóði á yfirstandandi ári 210 þús. kr. til byggingar bátabryggju í Grenivík, gegn lögmaeltu framlagi frá hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Greinargerð.

Frá fornu fari hefur verið gott útræði frá Grenivík bæði á opnum bátum og síðar á litlum vélbátum, en allmikil byggð er í Grenivík. Eru það flestallt sjómenn, sem eiga sjálfir hús sín og hafa nokkurt ræktarland, sem fylgir flestum hýlunum. en þó er sjósóknin aðalbjargræðið. Sunnanvert við þorpið er frjótt land og mjög þétt byggð í Höfðahverfi. Nýlokið er við akveg úr Höfðahverfi til Akureyrar, og er sá vegur mesta lyftistöng fyrir landbúnaðinn í sveitinni. En á síðustu árum hefur í Grenivík eins og í öðrum verstöðvum orðið nálega ókleift að stunda útgerð með opnum bátum. Leita sjómenn sér atvinnu í öðrum landshlutum bæði á vetrarvertíð og um sildveiðitímann, en vandamenn þeirra eru einir heima á grasbýlunum í Grenivík. Þar sem útgerðin færir nú hvarvetna á landinu frá smábátum á stærri

skip og ríkið leggur riflegan stuðning til þessarar breytingar, þykir Grenvíkingum ekki ástæða til að leggja ræktarlönd sín og býli í eyði og byggja sér heimili annars staðar eingöngu af því, að þar eru atvinnutæki við höndina fyrir þá, sem þar búa. Hafa sjómennirnir í þessu litla þorpi myndað útgerðarfélag með stuðningi margra bænda í Höfðahverfi og tekizt að safna 200 þús. kr. í framlögum í því skyni að kaupa og gera út tvo stóra vélbáta frá Grenvík. Mun félag þetta nú hafa bundizt fastmælum við landsstjórnina um kaup á tveimur 80 lesta vélbátum. Verður annar þeirra afhentur Grenvíkingum í byrjun vertíðar nú í vetur, en hinn verður tilbúinn litlu síðar. En þá kemur sá vandi að höndum, að Grenvík er opinn vogur móti norðvestri og ekkert verið gert af manna höndum til að bæta úr skjólleysi bátanna.

Vitamálastjórnin hefur fyrir nokkrum árum látið mæla fyrir bryggju og bátakví í Grenvík. Er það sammæli kunnáttumanna, sem athugað hafa þetta mál, að heppilegast sé að gera í fyrstu bryggju um 80 m langa og haga henni á þann hátt, að hún geti síðar orðið annar armur í bátakví fyrir útveginn í Grenvík. Í fyrstu yrði fremri hluti þessarar bryggju reistur á nokkrum steinstöplum, en þegar tími þætti til kominn að gera lokaða bátakví, yrði fyllt með steinsteypu milli stöplanna. Væri þá fengið fullkomið skjól fyrir bátaflota með góða aðstöðu til sjósóknar.

Grenvíkingum þykir svo miklu máli skipta að fá úrbót í þessu lendingarbótamáli, að allir leiguliðar ríkisins í þorpinu hafa undirritað áskorun til ríkisstjórnarinnar um að hækka lóðargjöld í Grenvík um 50% í því skyni að styðja á þann hátt bryggjugerð í þorpinu. Mönnum finnst ef til vill ofrausn að fara fram á rúmlega 200 þús. kr. framlag úr ríkissjóði til lendingarbóta á þessari ríkisjörð. En tveir bátar með nauðsynlegum útbúnaði kosta nú á aðra millj. kr. Ríkið leggur fram meiri hluta þess framlags. Ef gerð er bryggja í Grenvík, geta myndast þar athafnaskilyrði fyrir marga stóra báta. Og nokkuð mikið mundi það kosta þjóðarhúsið, ef byggja þyrfti í annarri verstöð yfir alla þá, sem nú búa í Grenvík. Fólkið í þessu sjóþorpi á myndarleg hús, hefur grasnyt heima fyrir og blómlega byggð að bak sér, en fram undan hafið með tveim álitlegum íslenskum vélbátum með skipshöfnum úr þorpinu. Þessa litlu byggð á sævarbakkanum vantar bryggju til að geta að öllu leyti haft lífvænleg lífsskilyrði fyrir þá, sem þar búa.

Fylgiskjal I.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 15. jan. 1947.

Grenvík.

Skipabryggja.

Gert er ráð fyrir, að bryggjan sé 83 m löng, 6 m breið og nái út á 2,8 m dýpi miðað við stórstraumsfjöru. Á efstu 35 m er hún af venjulegri gerð, þ. e. a. s. með steypum veggjum, grjótfyllt, steyptri þekju og skjólvegg á útbrún. Nær sá hluti bryggjunnar út á ca. 1,0 m dýpi. Þar fyrir framan á 48 m lengd er hún gerð úr steypum stöplum, 4 talsins, 5 × 6 m með 7 m millibili. Milli stöpla er plankadekk hvílandi á stálbitum. Eru stöplarnir úr járnbentum kerjum, sem steyp eru í landi á braut. Hæð bryggjunnar er 1,2 m yfir stórstraumsflóði. Liggur bryggjan á sama stað og áður hefur verið gert ráð fyrir. Þó að bryggjan yrði sett niður á öðrum stað, breytist kostnaðaráætlunin ekki verulega, þar sem dýpi og aðrar aðstæður eru svipaðar.

Samkvæmt eftirfarandi kostnaðaráætlun má gera ráð fyrir, að bryggjan kosti um 420000.00 kr.

Magnús Konráðsson.

Fylgiskjal II.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 15. jan. 1947.

Kostnaðaráætlun.

Steypt og grjótfyllt bryggja 35 m á lengd 500 m ³ á kr. 220.00 ..	kr. 110000.00
4 stöplar 640 m ³ á kr. 300.00	— 192000.00
Járnbitar 12 600 kg á kr. 1.50	— 18900.00
Timbur í dekk o. fl. 22 m ³ á kr. 550.00	— 12100.00
Boltar, rær og skífur	— 4000.00
Tré- og járnsmiði	— 9000.00
Verkpallar á milli stöpla	— 20000.00
Bryggjuhringir, ljós o. fl.	— 8000.00
Braut fyrir ker	— 30000.00
Ýmislegt	— 16000.00
	<hr/>
	Kr. 420000.00

Fylgiskjal III.

Við undirritaðir, sem byggingarlóðir höfum á leigu á ríkisjörðinni Grenivík, leggjum til, að lóðargjöld verði hækkuð um 50% frá því, sem er, gegn því að allar tekjur, sem ríkið hefur af Vikinni, verði heimilaðar sveitarsjóði honum til styrktar vegna væntanlegrar bryggjugerðar á Grenivík.

Í janúar 1947.

Árni Sigurjónsson verkamaður, Sælandi. Þorbjörn Áskelsson, Ægissíðu. Arthur Wilhelmsson verkamaður, Hellu. Bjarni Áskelsson verkamaður, Bjargi. Vilhjálmur Grímsson, Svalbarði, Þórlaugur Gunnlaugsson, Borg. Þorsteinn Eyfjörð verkamaður, Vallholti. Ingólfur Jóhannsson sjóm., Sæbakka. Ingólfur Reynald sjómaður, Sæbakka. Þorsteinn Ágústsson útgerðarmaður, Gröf. Kristmundur Björnsson sjómaður, Þengilbakka. Jóhann Stefánsson, Miðgörðum. Stefán Stefánsson, Sólgörðum. Axel Jóhannesson bóndi, Höfðabrekku. Bjarni Stefánsson bóndi, Litlasvæði. Oddgeir Jóhannsson útgerðarmaður, Hlöðum. Finnur Benediktsson sjóm., Sæborg. Alfreð Pálsson, Sólvangi. Áskell Hannesson, Ægissíðu, Jóhann Aðalbjörnsson, Hólakoti. Þórður Jakobsson bóndi, Árbakka. Hólmfríður Ingimundardóttir, Lundu. Friðbjörn Guðnason bóndi, Sunnuhvoli. Vilhelm Vigfússon sjómaður, Hellu. Sveinn Oddsson verkamaður, Völlum. Steingrímur Vilhjálmsson sjómaður, Akurbakka.

Pr. pr. Kaupfélag Eyfirðinga, Jakob Frimannsson.

Þóroddur Jónsson smiður, Akurbakka.